

fyrir meira en 2000 árum og enn er þörf á að ítreka það". Í *Legene og samfundet* (Oslo 1986) segir Øvind Larsen, fyrrverandi prófessor í félagslæknisfræði í Osló, að eitt mikilvægasta hlutverk læknisins sé og hafi verið hið samfélagslega. Læknar beri fyrst og fremst skyldur til þess að gera samfélagið betra og heilsusamlegra með orðum og athöfnum byggðum á læknisfræðilegri þekkingu. Það sé ekki þeirra að reisa minnismerki og guma af fortíðinni heldur láta verkin tala.

Það er með þessari nálgun sem hægt er að svara spurningunni um læknaminjasafn við Nesstofu játandi. **Með því að standa að rekstri og uppbyggingu fræðslu- og minjaseturs um heilbrigðismál í nútíð og fortíð í eða við Nesstofu, í samvinnu við fleiri aðila, væri Læknafélag Íslands að standa undir þessum samfélagslegu skyldum og halda á lofti merki íslenskra lækna allt frá dögum Hrafns Sveinbjarnarsonar.** Fræðslu- og minjasetur um heilbrigðismál sem setti manneskjuna í öndvegi gæti þjónað skólum, stofnunum og öllum almenningi að því gefnu að það væri byggt upp í tengslum við þessa aðila og markmiðin væru skýr. Fræðslu um heilbrigðismál hefur ætíð verið vel tekið á Íslandi og hún hefur mjög líklega haft meiri áhrif til bættar heilsu landsmanna en beinar læknisaðgerðir. Áhersla á fræðslu um heilbrigðismál hefur frá fyrstu tíð ráðist af því viðhorfi að njóti maðurinn réttar fræðslu taki hann skynsamlegar ákvarðanir og líf hans beinist inn á æskilegar brautir. Heilbrigðismál verður að skoða í víðum skilningi og tengja við samfélag nútímans. Ekki má gleyma því að lengi vel var læknisfræði nátengd náttúrufræði og þar með umhverfismálum, og enn í dag er fjölmargt í daglegu lífi sem á sér heilbrigðisfræðilegar forsendur en er



Nesstofa til hægri, hús lyfjafraeðinga til vinstri.
Ljós. –PH.

í umsjón annarra aðila en heilbrigðisstétta. Vitund um heilbriggt líferni nær til margra ólíkra þátta og er ekki eingöngu á forræði og ábyrgð einstakra fagstétta heilbrigðisgeirans heldur einnig einstaklinganna sjálfra og samfélagsins í heild.

Með því að skilgreina hlutverk Nesstofu og næsta nágrennis, þar á meðal Lyfjafraeðisafns og hugsanlega sérstaks Lækningaminjasafns, á þessum forsendum og tengja starfsemina við fræðslu- og upplýsingamiðstöð um heilbrigðismál fyrir almenning væri arfi Jóns Steffensen vel varið. Ástæða væri til að hafa samvinnu við ýmsar stofnanir eins og Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð, ÍSÍ og fyrirtæki, auk fagfélaga heilbrigðisstétta og áhugafélög sem tengjast viðfangsefninu. Væntanlega þarf að byggja hús í nágrenni Nesstofu og þar yrðu að sjálfsögðu geymdar minjar úr heilbrigðissögunni en fyrst og fremst væri þar safn þekkingar og miðstöð miðlunar um heilbrigðismál eins og var hjá Bjarna Pálssyni við upphaf íslenskrar heilbrigðisþjónustu fyrir tæpum 250 árum síðan.

Danir styrkja Nesstofu

ENDURBYGGING Nesstofu stendur nú yfir og er unnið að því að gera upp þann hluta hússins sem skilinn var eftir á sínum tíma. Þar er um að ræða íbúð fyrsta landlæknisins í austurhluta hússins ásamt loftinu. Gert er ráð fyrir að endurbyggingunni ljúki í árslok 2006. Framkvæmdaáætlun hljóðar upp á liðlega 20 milljónir króna og hlotnaðist Þjóðminjasafninu danskur styrkur til að kosta endurbygginguna.

Styrkurinn nemur tveimur milljónum danskra króna sem samkvæmt gengi dagsins eru 21.400.000 íslenskar krónur. Hann kemur frá einum gildasta menningarssjóði Danmerkur, Augustinerfonden, og er nokkur saga að segja frá því

hvernig styrkveitinguna bar að. Þannig var að á síðastliðnu hausti hafði danski læknirinn Povl Riis samband við Tómas Árna Jónasson fyrrverandi formann Læknafélags Íslands og skýrði honum frá samræðum sem hann hafði átt við stjórnarmenn í Augustinerfonden. Povl er ráðgjafi stjórnarinnar á sviði heilbrigðismála og eftir einn fundinn var farið að spjalla saman. Talið barst þá að gömlu steinhúsunum sem Danakóngur lét reisa á Íslandi á 18. öld og kom í ljós að stjórnarmenn þekktu til þeirra. Höfðu þeir áhuga á að stuðla að varðveislu þessara húsa þar sem þau væru hluti af sögu danska nýlendveldisins.

Íslandsvinurinn Povl Riis gerir það ekki endasleppt við íslenska menningu.



Tómas sendi Povl nánari upplýsingar um Nesstofu og fékk þau skilaboð til baka að sjóðsstjórnin hefði sýnt því áhuga að styrkja endurbygginguna. Þeir Tómas og Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ gengu þá á fund Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar og greindu henni frá þessum áhuga. Hún sendi umsókn til sjóðsins og svo fór að stjórnin ákvað að styrkja endurbygginguna með þeirri fjárhæð sem Þjóðminjasafnið áætlaði að hún myndi kosta. **–PH**